

Nd.

628. Nefndarálit

[195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og ákveðið að hraða afgreiðslu þess til að tryggja, að rektorskjör, sem verður í Háskóla Íslands í þessum mánuði, fari fram samkvæmt ákvæðum nýrra laga.

Frv. fjallar fyrst og fremst um stjórn og skipulagsmál háskólans. Starfssvið háskólaritara er aukið og aðstaða rektors bætt. Þá eru ýmis ákvæði um kennara-stöður og skipun í þær, svo og störf deilda.

Veigamestu breytingar frv. snerta þó rektorskjör og skipan háskólaráðs.

Stúdentar fá nú aðild að kjöri rektors. Eru þeim ætluð 10 atkvæði á móti 52, sem próffessorar, lektorar og dósentar hafa. Stúdentar höfðu óskað eftir að fá nokkru meira, eða 25% atkvæða. Samkomulag varð þó um þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, nema um þá aðferð, sem höfð er við val á fulltrúum stúdenta. Ekki óskar stúdentaráð þó eftir, að Alþingi breyti því atriði, sbr. fylgiskjal með grg. frv.

Á háskólaráði verður sú breyting, að stúdentar fá tvo fulltrúa í stað eins og Félag háskólakennara tilnefni fulltrúa fyrir þá kennara og starfsmenn rannsóknar- og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta.

Háskólaráð segir í greinargerð um þessar þýðingarmiklu breytingar: „Reynslan af þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, þ. á m. á fundum háskólaráðs og háskóla-deilda, hefur verið mjög góð. Mikilvægt hefur verið að heyra sjónarmið stúdenta, þeir hafa flutt mál sín af fullri ábyrgðarkennd og lagt sig fram um að kynna sér málefni, sem til afgreiðslu hafa komið. Þessi þátttaka hefur vafalaust stuðlað að því að treysta tengslin milli kennara og stúdenta. Það er þessi góða reynsla, sem veldur því, að talið er rétt að verða við tilmælum stúdenta um aukna tölu fulltrúa á háskólaráðsfundum og á deildarfundum, og það er ekki sízt sú reynsla, sem einnig veldur því, að réttmætt þykir að leggja til, að þeir fái rétt til þátttöku í rektorskjöri.“

Nefndarmenn í menntamálanefnd áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Birgir Kjaran og Magnús Kjartansson.

Alþingi, 2. maí 1969.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Sigurvin Einarsson.

Gunnar Gíslason.

Hannibal Valdimarsson.